

Sp.

719. Svar

[265. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um innlán og útlán innlánsstofnana eftir kjördæmum.

Fyrirspurnin er í þremur liðum og hljóðar svo:

1. Hver hefur verið staða og þróun innlána í innlánsstofnunum, flokkað eftir helstu tegundum sparnaðarforma og kjördæmum, árlega á tímabilinu 1976–1985?
2. Hver hefur verið staða og þróun útlána á sama tímabili hjá innlánsstofnunum, flokkað eftir kjördæmum og lántakendum (einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum)?
3. Hver hafa verið heildarútlán, flokkuð eftir kjördæmum, á sama tímabili frá innlánsstofnunum, lífeyrissjóðum og fjárfestingalánasjóðum?
Beðið er um að allar upplýsingar verði jafnframt færðar til verðlags í desember 1986.

Með svari þessu eru prentaðar töflur sem Seðlabanki Íslands hefur útbúið þar sem fram koma umbeðnar upplýsingar auk skýringa og fyrirvara sem gera verður við töflurnar.

Í fyrirspurninni er beðið um nánar tilgreinda flokkun inn- og útlána innlánsstofnana árlega á tímabilinu 1976–1985. Vegna umfangs þessa verkefnis og þeirrar vinnu sem í það þurfti að leggja reyndist nauðsynlegt að takmarka þessar upplýsingar nokkuð, þó þannig að ætla má að niðurstöðurnar gefi í heild mynd af þróun þeirra atriða sem óskað er upplýsinga um. Þá skal þess einnig getið að upplýsingar um innlán Póstgíróstofunnar eru ekki taldar með í þessum tölum þar sem skipting þeirra talna á einstaka landshluta liggur ekki fyrir í Seðlabankanum. Heildarinnlán Póstgíróstofunnar voru í árslok 1985 465 millj. kr.

1. *Tafla 1* sýnir skiptingu samanlagðra innlána banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga, skipt á einstök kjördæmi, í lok árána 1976, 1978, 1980, 1982, 1984 og 1985. Upplýsingar þessar eru fengnar úr ársreikningum banka og sparisjóða og mánaðarskýrslum innlánsdeilda sem sendar eru bankaeftirliti Seðlabankans.

Tafla 2 sýnir þær tölur, sem koma fram í 1. töflu, upp færðar með lánskjaravísitölu til verðlags í desember 1986.

Töflur 3–8 sýna skiptingu innlána sömu stofnana fyrir hvert ár sem tilgreint er í 1. töflu, skipt í sparnaðarform og kjördæmi.

2. *Tafla 9* sýnir heildarútlán (endurlánað erlent lánsfé innifalið) banka og sparisjóða í árslok fyrir sömu ár og tilgreind eru í 1. lið svarsins hér að framan. Upplýsingarnar eru fengnar úr ársreikningum þessara stofnana til bankaeftirlits Seðlabankans.

Hafa verður í huga varðandi þessar tölur að stofnunum er frjálst að bókfæra lánin hvort heldur sem er í aðalbanka eða útibúum. Þannig er t.d. endurlánað erlent lánsfé til aðila utan Reykjavíkur í einhverjum tilvikum bókfært í aðalbanka viðkomandi bankastofnunar. Sama gildir um afurðalánin, einkum hvað varðar fyrstu árin í þeim talnaröðum sem hér eru birtar. Skipting útlánanna á þann hátt sem hér er óskað eftir mun því ekki í öllum tilvikum gefa rétta mynd af raunverulegum útlánnum í hvern landshluta.

Tafla 10 sýnir sömu upplýsingar og fram koma í 9. töflu, upp færðar til verðlags í desember 1986 með lánskjaravísitölu.

„Útlán“ innlánsdeilda samvinnufélaga eru ekki tilgreind í töflunum. Ráðstöfunarfé þessara stofnana liggur í rekstri viðkomandi samvinnufélaga og er ekki bókfært sérstaklega í reikningum þessara félaga enda hafa innlánsdeildirnar ekki sjálfstæðan fjárhag.

Hagfræðideild Seðlabankans tekur mánaðarlega saman upplýsingar um flokkun útlána innlánsstofnana eftir atvinnugreinum samkvæmt upplýsingum frá þessum stofnunum. Niðurstöður flokkunarinnar eru birtar í riti Seðlabankans, Hagtölur mánaðarins. Þess ber þó að geta að niðurstöðurnar eru að hluta til byggðar á áætlunum þar sem skýrslur um flokkun lána berast ekki frá öllum innlánsstofnunum. Að auki eru útlán innlánsdeilda samvinnufélaga fengin með því að draga bundið fé í Seðlabankanum frá heildarinnlánum og telja mismuninn lán til samvinnufyrirtækja. Þá eru og innifalin í þessum tölum „útlán“ Póstgíróstofunnar og að síðustu hafa verið dregin út svokölluð „millibankalán“ sem eru innbyrðis lánveitingar bankanna.

Samanlagðar niðurstöður lánaflokkunar koma því ekki nákvæmlega heim við heildarútlán banka og sparisjóða samkvæmt ársreikningum þeirra.

Lánaflokkun sú sem hér hefur verið fjallað um byggist á upplýsingum um samandregin útlán einstakra banka. Engin skipting liggur fyrir í Seðlabankanum um hvernig flokkun lána einstakra útibúa bankanna er háttað og er því ekki mögulegt að skipta þessum tölum frekar á einstök kjördæmi eins og beðið er um í fyrirspurninni.

Í *tölum 11–14* eru sýndar niðurstöður lánaflokkunar innlánsstofnana í árslok fyrir tilgreind ár samkvæmt samantekt hagfræðideildar Seðlabankans með þeim fyrirvara sem getið er hér að framan.

3. Hagfræðideild Seðlabankans tekur saman upplýsingar um heildarútlán lífeyrissjóða og fjárfestingalánasjóða. Upplýsingar um flokkun þessara lána á einstök kjördæmi liggja ekki fyrir.

Í *tölum 15 og 16* eru dregnar saman upplýsingar um heildarútlán þessara sjóða í árslok tilgreindra ára.

TAFLA 1.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

í þús. kr. (verðlag hvers árs)

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K :

KJÖRDÆMI:	<u>1 9 7 6</u>	<u>1 9 7 8</u>	<u>1 9 8 0</u>	<u>1 9 8 2</u>	<u>1 9 8 4</u>	<u>1 9 8 5</u>
1. Reykjavík	380.616	795.823	2.041.045	5.698.647	14.269.572	21.399.622
2. Reykjanes	60.984	136.601	396.070	1.185.466	3.236.534	4.749.088
3. Vesturland	35.880	83.643	212.763	525.655	1.195.340	1.681.038
4. Vestfirðir	30.833	69.425	178.118	422.041	985.574	1.378.268
5. Norðurland vestra	32.474	70.784	182.063	477.877	1.019.595	1.582.070
6. Norðurland eystra	70.721	147.144	394.741	977.194	2.102.221	3.107.937
7. Austurland	26.422	62.096	177.768	432.523	975.301	1.392.957
8. Suðurland	57.876	124.311	336.502	903.009	1.855.926	2.763.661
Samtals:	695.806	1.489.827	3.919.070	10.622.412	25.640.063	38.054.641

TAFLA 2.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

í þús. kr. (verðlag í des. 1986)

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K :

KJÖRDÆMI:	<u>1 9 7 6</u>	<u>1 9 7 8</u>	<u>1 9 8 0</u>	<u>1 9 8 2</u>	<u>1 9 8 4</u>	<u>1 9 8 5</u>
1. Reykjavík	13.399.768	14.403.275	15.976.089	18.656.716	22.944.400	24.680.791
2. Reykjanes	2.146.970	2.472.285	3.100.202	3.881.079	5.204.103	5.477.258
3. Vesturland	1.263.172	1.513.820	1.665.383	1.720.934	1.922.017	1.938.788
4. Vestfirðir	1.085.490	1.256.494	1.394.202	1.381.713	1.584.728	1.589.595
5. Norðurland vestra	1.143.262	1.281.090	1.425.081	1.564.514	1.639.432	1.824.646
6. Norðurland eystra	2.489.767	2.633.099	3.089.800	3.199.221	3.380.214	3.584.471
7. Austurland	930.199	1.123.850	1.391.463	1.416.030	1.568.210	1.606.536
8. Suðurland	2.037.552	2.249.853	2.633.939	2.956.347	2.984.189	3.187.408
Samtals:	24.496.180	26.933.766	30.676.539	34.776.554	41.227.293	43.889.493

TAFLA 3.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

í þús. kr. (verðlag ársins).

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K 1 9 7 6 :

KJÖRDÆMI:	<u>Veltiinnlán</u>	<u>Spariinnlán</u>	<u>Samtals</u>
1. Reykjavík	88.429	292.187	380.616
2. Reykjanes	13.399	47.585	60.984
3. Vesturland	7.696	28.184	35.880
4. Vestfirðir	7.895	22.938	30.833
5. Norðurland vestra	6.662	25.812	32.474
6. Norðurland eystra	14.361	56.360	70.721
7. Austfirðir	7.266	19.156	26.422
8. Suðurland	14.511	43.365	57.876
Samtals:	160.219	535.587	695.806

TAFLA 4.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

í þús. kr.

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K 1 9 7 8 :

KJÖRDÆMI:	<u>Veltiinnlán</u>	<u>Spariinnlán</u>	<u>Innlendir gjalddeyris- reikningar</u>	<u>Samtals</u>
1. Reykjavík	178.452	607.913	9.458	795.823
2. Reykjanes	29.009	107.173	419	136.601
3. Vesturland	17.948	65.482	213	83.643
4. Vestfirðir	19.250	50.115	60	69.425
5. Norðurland vestra	12.163	58.596	25	70.784
6. Norðurland eystra	26.546	120.246	352	147.144
7. Austurland	15.422	46.628	46	62.096
8. Suðurland	29.062	95.038	211	124.311
Samtals:	327.852	1.151.191	10.784	1.489.827

TAFLA 5.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

í þús. kr.

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K 1 9 8 0 :

KJÖRDÆMI:	<u>Veltiinnlán</u>	<u>Spariinnlán</u>	<u>Innlendir gjalddeyris- reikningar</u>	<u>Samtals</u>
1. Reykjavík	423.711	1.553.793	63.541	2.041.045
2. Reykjanes	75.439	315.772	4.859	396.070
3. Vesturland	43.992	167.074	1.697	212.763
4. Vestfirðir	43.946	133.599	573	178.118
5. Norðurland vestra	26.505	155.462	96	182.063
6. Norðurland eystra	70.807	321.034	2.900	394.741
7. Austurland	40.565	136.426	777	177.768
8. Suðurland	74.533	260.124	1.845	336.502
Samtals:	799.498	3.043.284	76.688	3.919.070

TAFLA 6.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

í þús. kr.

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K 1 9 8 2 :

KJÖRDÆMI:	<u>Veltiinnlán</u>	<u>Spariinnlán</u>	<u>Innlendir gjalddeyris- reikningar</u>	<u>Samtals</u>
1. Reykjavík	823.825	4.529.507	345.315	5.698.647
2. Reykjanes	180.218	964.968	40.280	1.185.466
3. Vesturland	75.444	437.639	12.572	525.655
4. Vestfirðir	82.852	335.865	3.324	422.041
5. Norðurland vestra	54.980	421.734	1.163	477.877
6. Norðurland eystra	113.767	842.244	21.183	977.194
7. Austurland	75.224	351.456	5.843	432.523
8. Suðurland	158.865	732.136	12.008	903.009
Samtals:	1.565.175	8.615.549	441.688	10.622.412

TAFLA 7.

BANKAR, SPARISJÓDIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

í þús. kr.

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K 1 9 8 4 :

KJÖRDÆMI:	<u>Veltiinnlán</u>	<u>Spariinnlán</u>	<u>Innlendir gjaldeyris- reikningar</u>	<u>Samtals</u>
1. Reykjavík	2.424.415	10.489.859	1.355.298	14.269.572
2. Reykjanes	564.633	2.459.446	212.455	3.236.534
3. Vesturland	205.000	954.757	35.583	1.195.340
4. Vestfirðir	214.274	757.257	14.043	985.574
5. Norðurland vestra	122.322	886.297	10.976	1.019.595
6. Norðurland eystra	273.690	1.776.385	52.146	2.102.221
7. Austurland	194.976	762.080	18.245	975.301
8. Suðurland	354.140	1.454.708	47.078	1.855.926
Samtals:	4.353.450	19.540.789	1.745.824	25.640.063

TAFLA 8.

BANKAR, SPARISJÓDIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

í þús. kr.

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K 1 9 8 5 :

KJÖRDÆMI:	<u>Veltiinnlán</u>	<u>Spariinnlán</u>	<u>Innlendir gjaldeyrisr.</u>	<u>Samtals</u>
1. Reykjavík	3.161.023	16.306.336	1.932.263	21.399.622
2. Reykjanes	704.538	3.658.555	385.995	4.749.088
3. Vesturland	237.338	1.393.746	49.954	1.681.038
4. Vestfirðir	227.156	1.115.113	35.999	1.378.268
5. Norðurland vestra	166.107	1.378.998	36.965	1.582.070
6. Norðurland eystra	339.938	2.646.675	121.324	3.107.937
7. Austurland	216.486	1.142.830	33.641	1.392.957
8. Suðurland	479.724	2.225.710	58.227	2.763.661
Samtals:	5.532.310	29.867.963	2.654.368	38.054.641

TAFLA 9.

BANKAR OG SPARISJÓDIR.

í þús. kr. (verðlag hvers árs)

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAD ERENT LÁNSFÉ Í ÁRSLOK:

KJÖRDÆMI:	<u>1 9 7 6</u>	<u>1 9 7 8</u>	<u>1 9 8 0</u>	<u>1 9 8 2</u>	<u>1 9 8 4</u>	<u>1 9 8 5</u>
1. Reykjavík	498.605	999.284	2.667.298	8.873.791	23.324.582	31.524.338
2. Reykjanes	54.503	117.421	298.064	1.029.015	3.017.129	4.211.598
3. Vesturland	28.796	67.553	156.212	600.679	1.722.039	2.211.841
4. Vestfirðir	30.378	56.371	201.710	610.843	1.823.917	1.996.100
5. Norðurland vestra	31.068	73.005	176.352	513.100	1.438.993	1.822.775
6. Norðurland eystra	73.388	152.032	395.699	1.101.201	2.754.067	3.553.845
7. Austurland	50.565	110.060	267.407	941.463	2.172.603	2.647.537
8. Suðurland	64.680	145.622	327.419	1.159.735	3.249.175	4.121.069
Samtals: *	831.983	1.721.348	4.490.161	14.829.827	39.502.505	52.089.103
* þar af endurl. erl. lánsfé	142.771	346.997	1.084.558	3.646.523	10.331.091	13.867.732

TAFLA 10.

BANKAR OG SPARISJÓDIR.

í þús. kr. (verðlag í des. 1986)

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAD ERENT LÁNSFÉ Í ÁRSLOK:

KJÖRDÆMI	<u>1 9 7 6</u>	<u>1 9 7 8</u>	<u>1 9 8 0</u>	<u>1 9 8 2</u>	<u>1 9 8 4</u>	<u>1 9 8 5</u>
1. Reykjavík	17.553.628	18.085.632	20.878.038	29.051.774	37.504.177	36.357.913
2. Reykjanes	1.918.804	2.125.154	2.333.069	3.368.877	4.851.316	4.857.355
3. Vesturland	1.013.777	1.222.614	1.222.735	1.966.554	2.768.909	2.550.978
4. Vestfirðir	1.069.472	1.020.236	1.578.867	1.999.830	2.932.721	2.302.159
5. Norðurland vestra	1.093.764	1.321.288	1.380.379	1.679.831	2.313.793	2.102.258
6. Norðurland eystra	2.583.659	2.751.565	3.097.298	3.605.206	4.428.333	4.098.750
7. Austurland	1.780.165	1.991.930	2.093.105	3.082.242	3.493.383	3.053.479
8. Suðurland	2.277.090	2.635.553	2.562.843	3.796.839	5.224.429	4.752.945
Samtals: *	29.290.359	31.153.972	35.146.334	48.551.153	63.517.061	60.075.837
* þar af endurl. erl. lánsfé	5.026.321	6.280.156	8.489.281	11.938.298	16.611.619	15.994.048

TAFLA 11

í millj. kr.

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAD ERL. LÁNSFÉ INNLÁNSSTOFNANA Á VERÐLAGI HVERS TÍMA.

	<u>Ríkissjóður og stofnanir</u>	<u>Bæjar- og sveitarf.</u>	<u>Lánastofn- anir aðrar en bankar</u>	<u>Fyrirtæki</u>	<u>Einstaklingar</u>	<u>Samtals</u>
1976	13	29	41	635	130	848
1977	11	33	54	916	178	1.192
1978	20	57	68	1.359	257	1.761
1979	31	104	84	2.112	436	2.767
1980	82	206	122	3.481	703	4.594
1981	197	484	199	5.646	1.341	7.867
1982	369	872	357	11.393	2.134	15.125
1983	660	1.507	671	21.335	3.829	28.002
1984	559	1.760	1.060	30.951	5.707	40.037
1985	646	2.014	1.477	39.261	8.220	51.618

TAFLA 12

í millj. kr.

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAD ERL. LÁNSFÉ INNLÁNSSTOFNANA Á
FÖSTU VERÐLAGI MIÐAD VIÐ LÁNSKJARAVÍSITÖLU DES. 1986.

	<u>Ríkissjóður og stofnanir</u>	<u>Bæjar- og sveitarf.</u>	<u>Lánastofn- anir aðrar en bankar</u>	<u>Fyrirtæki</u>	<u>Einstaklingar</u>	<u>Samtals</u>
1976	458	1.021	1.444	22.356	4.577	29.856
1977	295	885	1.449	24.565	4.774	31.968
1978	362	1.032	1.231	24.596	4.651	31.872
1979	368	1.233	997	25.052	5.172	32.822
1980	642	1.613	955	27.247	5.503	35.960
1981	1.041	2.556	1.051	29.816	7.082	41.546
1982	1.208	2.855	1.169	37.300	6.986	49.518
1983	1.217	2.780	1.238	39.352	7.063	51.650
1984	899	2.830	1.705	49.767	9.176	64.377
1985	745	2.323	1.703	45.281	9.481	59.533

TAFLA 13

í millj. kr.

ENDURLÁNAD ERLENT LÁNSFÉ INNLÁNSSTOFNANA Á VERÐLAGI HVERS TÍMA.

	<u>Ríkissjóður og stofnanir</u>	<u>Bæjar- og sveitarf.</u>	<u>Lánastofn- anir aðrar en bankar</u>	<u>Fyrirtæki</u>	<u>Einstaklingar</u>	<u>Samtals</u>
1976	1	15	3	121	0	140
1977	0	10	3	169	0	182
1978	0	20	2	320	0	342
1979	0	55	3	479	0	537
1980	0	146	1	933	0	1.080
1981	2	387	1	1.381	0	1.771
1982	0	609	4	3.029	5	3.647
1983	0	968	33	6.649	20	7.670
1984	3	1.360	47	8.873	30	10.313
1985	0	1.162	165	11.474	63	12.864

TAFLA 14

í millj. kr.

ERLEND ENDURLÁN INNLÁNSSTOFNANA Á FÖSTU VERÐLAGI

MÍÐAD VIÐ LÁNSKJARAVÍSITÖLU DES. 1986.

	<u>Ríkissjóður og stofnanir</u>	<u>Bæjar- og sveitarf.</u>	<u>Lánastofn- anir aðrar en bankar</u>	<u>Fyrirtæki</u>	<u>Einstaklingar</u>	<u>Samtals</u>
1976	35	528	106	4.260	0	4.929
1977	0	268	81	4.532	0	4.881
1978	0	362	36	5.792	0	6.190
1979	0	652	36	5.682	0	6.370
1980	0	1.143	8	7.303	0	8.454
1981	11	2.044	5	7.293	0	9.353
1982	0	1.994	13	9.917	16	11.940
1983	0	1.786	61	12.264	37	14.148
1984	5	2.187	76	14.267	48	16.583
1985	0	1.340	190	13.233	73	14.836
Alpt. 1986. A. (109. löggjafarþing).						216

TAFLA 15

ÚTLÁN Í ÁRSLOK
í millj. kr.

	<u>Fjárfest- ingalána- sjóðir</u>	<u>Lífeyris- sjóðir</u>
1976	576	222
1977	775	335
1978	1.197	566
1979	1.711	938
1980	2.662	1.690
1981	5.107	3.170
1982	9.758	6.197
1983	17.747	11.947
1984	25.550	16.525 ¹⁾
1985	37.493	25.035 ²⁾

1) Bráðabirgðatölur.

2) Áætlun.

TAFLA 16

ÚTLÁN Í ÁRSLOK Á FÖSTU VERÐLAGI.
í millj. kr.

	<u>Fjárfest- ingalána- sjóðir</u>	<u>Lífeyris- sjóðir</u>
1976	20.278	7.816
1977	20.783	8.984
1978	21.664	10.244
1979	20.295	11.126
1980	20.837	13.228
1981	26.969	16.740
1982	31.947	20.288
1983	32.734	22.036
1984	41.082	26.571 ¹⁾
1985	43.242	28.874 ²⁾

1) Bráðabirgðatölur.

2) Áætlun.